

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. júní 2012
2012040014/42-4-1
TB,OKN
tb

Umsögn vegna leyfis til að taka myndir af friðuðum fuglum


Vísað er til fyrri gagna þessa máls, málsnr. 2012040014, og tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 5. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í ljósi viðbótargagna frá Sigurði Ægissyni vegna umsóknar hans um leyfi til að taka myndir af fálkum, örnum og þórshönum.

Náttúrufræðistofnun getur samþykkt að veitt verði leyfi til að mynda fálka og erni á þeim forsendum sem þegar hafa komið fram í málinu og í samræmi við það sem kemur fram í viðbótargögnum frá umsækjanda. Stofnunin getur hins vegar ekki mælt með að leyfi verði veitt fyrir myndatöku á þórshana í Flatey þar sem að mjög fá pör, 2-4, hafa verpt þar og því öll truflun varasöm.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

